

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 30. janúar 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-71/2012:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 27. september sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á viðgerðarþjónustu, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði kostnað vegna viðgerðar á bifreið sinni.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 1. október sl., óskaði kæruneftndin eftir frekari gögnum frá álitsbeiðanda og bárust þau hinn 8. október. Með bréfi, dags. 8. október, gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 23. október. Með bréfi, dags. 15. október óskaði kæruneftndin eftir enn frekari gögnum frá álitsbeiðanda og bárust þau hinn 25. október. Þá bárust frekari gögn frá álitsbeiðanda hinn 12. nóvember. Með bréfi, dags. 12. desember, var seljanda gefinn kostur á að koma að andsvörum vegna frekari gagna frá álitsbeiðanda og bárust þau hinn 14. desember. Með bréfi, dags., 17. desember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frest til þess til 1. janúar. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 3. janúar, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi keypti viðgerðarþjónustu af seljanda hinn 2. desember 2008. Fólst viðgerðin í því að skipt var um tímakedju í bifreið álitsbeiðanda, en bifreiðin er af gerðinni Volkswagen Touareg, með skráningarnúmerið XX-000. Þegar viðgerðin fór fram var bifreiðin ekin 66.102 km. Var bifreiðin innflutt frá Bandaríkjunum og því ekki í ábyrgð þess aðila sem gerði við hana, þ.e. seljanda í máli þessu, og greiddi álitsbeiðandi því viðgerðarkostnaðinn að fullu.

Þegar bifreiðinni hafði verið ekið um 40-50.000 km. frá því viðgerð fór fram byrjaði vélarljós að loga í mælaborði hennar. Í ljós kom að aftur þurfti að skipta um tímakedju bifreiðarinnar. Gerði álitsbeiðandi þá kröfu að seljandi stæði straum af nýrri viðgerð vegna tímakedjunnar en því hafnaði seljandi á þeim grundvelli að þar sem meira en tvö ár væru liðin frá því viðgerðin fór fram, væri ábyrgð hans úr gildi fallin. Hins vegar bauð seljandi álitsbeiðanda afslátt af viðgerðarkostnaðinum. Þetta sætti álitsbeiðandi sig ekki við og leitaði því til kæruneftndarinnar.

Meðfylgjandi álitsbeiðni var reikningur að upphæð kr. 511.526 vegna viðgerðar, dags. 2. desember 2008. Er greiðandi skv. reikningnum einkahlutafélagið Z. Þá var einnig að finna tilboð sem seljandi gaf í nýja viðgerð á tímakedju bifreiðarinnar að upphæð kr. 344.283., dags. 19. október 2012, ásamt upplýsingum um fullt verð á viðgerðinni, sem mun vera kr. 551.634.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur fram að bifreið álitsskiðanda sé af gerðinni Volkswagen Touareg, framleidd 2003. Hafi verkstæði seljanda skipt um tímakedju bifreiðarinnar, ásamt öðru, í byrjun desember 2008 og hafi bifreiðin þá verið ekin 66.012 km. Ekki hafi verið um galla að ræða, en bilunin hafi þó verið þekkt eins og langflestar bilanir sem verða í bifreiðum.

Segir seljandi að skv. 17. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup sé tveggja ára ábyrgð á viðgerðum. Hinn 14. ágúst sl. hafi bifreiðin komið á verkstæði Y vegna þess að aðvörunarljós logaði í mælaborði. Var bifreiðin þá ekin 116.305 km. Í bilanagreiningu hafi komið ljós að hvarfakútar voru ekki að vinna edlilega og talið var líklegt að súrefnisskynjari væri bilaður. Hafi þetta ekki verið skoðað nánar og því ekki hægt að fullyrða nánar um bilunina nema með frekari greiningu. Einnig hafi komið í ljós að keðjuhljóð var farið að heyrast frá tímakedjunni. Til að koma í veg fyrir hljóðið og til að hindra skemmdir sem verða fáa keðjan að slakna frekar eða slitna, þurfi að skipta um tímakedju og annað tilheyrandi, svo sem strekkjara, sleða, legur, pakkningar og fleiri hluti sem keðjunni eða útskiptum hennar tengjast. Áætlaður kostnaður við slíka viðgerð hafi verið kr. 551.634 en í ljósi þess að skipt var um tímakedjuna ásamt tilheyrandi hlutum árið 2008 hafi verið ákveðið að gefa verulegan afslátt og lækka verðið í kr. 344.283. Ekki hafi verið gerður fyrirvari um hækkun þó að önnur orsök fyndist fyrir umræddu keðjuhljóði.

Þá segir í andsvörum að þegar meta þurfi bilun út frá hljóði og mælingum án þess að taka vélina í sundur sé í raun í flestum tilvikum um ágiskun að ræða og ekki sé hægt að fullyrða um hvaða hlutur sé bilaður eða hver orsökina sé. Ef mistök hefðu verið gerð í viðgerðinni 2008 eða gallaður varahlutur notaður væri mjög líklegt að slíkt hefði komið í ljós á fyrstu vikum eða mánuðum eftir viðgerðina.

Að endingu segir að ábyrgð seljanda vegna viðgerðar á bifreiðinni hafi verið útrunnin þegar bilunin fannst og því sé kröfum álitsskiðanda, um nýja viðgerð á kostnað seljanda, hafnað.

V

Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, og ákvæðum reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa nær valdsvið hennar til að veita álit vegna ágreinings um réttindi og skyldur samkvæmt lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup, lögum nr. 42/2000 um þjónustukaup og lögum nr. 48/2003 um neytendakaup.

Í máli þessu er deilt um viðgerð á tímakedju í bifreið. Í gögnum máls er að finna reikning vegna viðgerðarinnar, dags. 2. desember 2008, að upphæð kr. 511.526. Samkvæmt reikningum er Y, seljandi þjónustunnar og Z er kaupandi. Á öðrum reikningum, sem finna má í göngum málsins, er Z einnig skráð greiðandi. Umrædd bifreið er af gerðinni Volkswagen Touareg, árgerð 2003, innflutt af öðrum aðila en seljanda. Er því um að ræða ágreining milli tveggja einkahlutafélaga um viðgerðarþjónustu. Ekki verður séð að umþrætt viðgerð geti talist vera svokölluð ábyrgðarviðgerð sem gæti fallið undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup, þar sem Y var aldrei seljandi bifreiðarinnar. Er því um að ræða viðgerðarvinnu á tímakedju o.fl., sem öllu jöfnu félli undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Þau lög eru takmörkuð við þau tilvik þar sem þjónusta er veitt neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi. Neytandi samkvæmt 3. mgr. 1. gr. þeirra laga er einstaklingur sem er kaupandi þjónustu sem ekki er keypt í atvinnuskyni eða í tengslum við starf viðkomandi einstaklings. Af þessu leiðir að það fellur utan valdsviðs nefndarinnar að gefa álit

um þann ágreining sem hér er uppi. Er því óhjákvæmilegt, með vísan til ofangreinds og samanber 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 að vísa máli þessu frá kærunefndinni.

VI
Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir